


GARÐABÆR

VEIKINDAFJARVISTIR, VEIKUR Í VINNU OG LÆKNISHEIMSÓKNIR

Samanburður 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019

Hjördís Sigursteinsdóttir

Nóvember 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
VEIKINDAFJARVISTIR	5
VIÐVERA Í VINNU ÞRÁTT FYRIR VEIKINDI VEGNA ÁLAGS	6
LÆKNISHEIMSÓKNIR VEGNA VEIKINDA/HEILSUBRESTS SEM REKJA MÁ TIL AÐSTÆÐNA Í VINNUNNI	7
SAMANTEKT	8

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hversu marga daga, ef einhverja, hefur þú verið frá launaðri vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum?	5
Mynd 2. Hefurðu mætt veik(ur) í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum?.....	6
Mynd 3. Hefur þú leitað til læknis vegna veikinda/heilsubreysts sem þú rekur til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði?	7
Mynd 4. Veikindafjarvistir, veikur í vinnu og læknisheimsóknir 2010-2019	8

INNGANGUR


Góð heilsa er öllum mikilvæg. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization [WHO]) hefur allt frá árinu 1947 skilgreint heilsu sem líkamlega, sálræna og félagslega vellíðan, en ekki eingöngu það að vera laus við sjúkdóma eða fötlun. Orsakir veikindafjarvista geta verið margvíslegar og bent hefur verið á að sjúkdómar eru ekki alltaf eina ástæða þess að starfsfólk tekur sér frí frá störfum vegna veikinda, heldur geta veikindaleyfi einnig verið leið starfsfólks til að takast á við vinnuálag, streitu og óánægju í starfi. Á hinn bóginn getur samdráttur og uppsagnir einnig haft í för með sér að starfsfólk taki sér síður veikindaleyfi en ella; sé líklegra en áður til að mæta veikt til vinnu, bæði sökum manneklu og vegna óttans við að missa vinnuna taki starfsfólk sér veikindaleyfi.

Í þessari skýrslu eru veikindafjarvistir, viðvera í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags og læknisheimsóknir vegna veikinda/heilsubrests sem rekja má til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019.

Skýrslunni er skipt upp í 5 hluta; (1) Inngangur, (2) veikindafjarvistir, (3) viðvera í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags, (4) læknisheimsóknir vegna veikinda/heilsubrests sem rekja má til aðstæðna í vinnunni og (5) samantekt. Í skýrslunni er að finna niðurstöður við þremur spurningum; (1) „Hversu marga daga, ef einhverja, hefur þú verið frá launaðri vinnu vegna veikinda síðastliðna 12 mánuði?“, (2) „Hefurðu mætt veik(ur) í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum?“, (3) „Hefur þú leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem þú rekur til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði?“. Við spurningu 1 voru gefnir fimm svarmöguleikar: Aldrei, 1-7 daga, 8-14 daga, 3-4 vikur, einn mánuður eða lengur. Við spurningu 2 voru einnig gefnir fimm svarmöguleikar: Aldrei, 1-3 sinnum, 4-6 sinnum, 7-11 sinnum, 12 sinnum eða oftar. Við spurningu 3 voru gefnir tveir svarmöguleikar: Já, nei.

VEIKINDAFJARVISTIR

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna „Hversu marga daga, ef einhverja, hefur þú verið frá launaðri vinnu vegna veikinda síðustu 12 mánuði?“. Svarmöguleikar voru: Aldrei, 1-7 daga, 8-14 daga, 3-4 vikur, einn mánuður eða lengur.




Mynd 1. Hversu marga daga, ef einhverja, hefur þú verið frá launaðri vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur starfsfólkið verið 1-7 daga verið frá launaðri vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum í öllum fyrirlögnum spurningalistans. Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem hefur verið einn mánuður eða lengur frá launaðri vinnu hefur hækkað verulega frá fyrstu fyrirlöginni og mældist hæst 6,6% í fyrirlöginni 2015 en lækkaði svo niður í um 2% 2019.

Svipað munstur má sjá þegar horft er á veikindafjarvistir starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni. Hlutfallslega flestir hafa verið 1-7 daga frá launaðri vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum í öllum fyrirlögnum spurningalistans. Hlutfall þeirra sem hefur verið einn mánuður eða lengur frá launaðri vinnu jókst milli allra fyrirlagna spurningalistans nema í þeirri síðustu en þá lækkaði hlutfallið um 0,5 stig.

VIÐVERA Í VINNU ÞRÁTT FYRIR VEIKINDI VEGNA ÁLAGS

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna; „Hefurðu mætt veik(ur) í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum?“. Svarmöguleikar fimm voru: Aldrei, 1-3 sinnum, 4-6 sinnum, 7-11 sinnum, 12 sinnum eða oftár.




Mynd 2. Hefurðu mætt veik(ur) í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum?

Sjá má að af þeim sem hafði mætt veikt til vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum var algengast að hafa mætt 1-3 sinnum í öllum fyrirlögnum spurningalistans. Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem hafði mætt 12 sinnum eða oftár lá á bilinu 2-3% og mældist hæst í fyrirlögninni 2015.

Svipaða þróun má sjá þegar horft er til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni. Af þeim sem hafði mætt veikt til vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum var algengast að starfsfólk allra sveitarfélaga í rannsókninni hafði mætt 1-3 sinnum í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum. Einnig hækkaði hlutfall þeirra sem hafði mætt 12 sinnum eða oftár milli fyrstu þriggja fyrirlagnanna en lækkaði síðan í síðustu tveimur.

LÆKNISHEIMSÓKNIR VEGNA VEIKINDA/HEILSUBRESTS SEM REKJA MÁ TIL AÐSTÆÐNA Í VINNUNNI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna „Hefur þú leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem þú rekur til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði?“ Svarmöguleikar voru já og nei.




Mynd 3. Hefur þú leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem þú rekur til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði?

Sjá má að hlutfall þeirra sem hafði leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem rakin voru til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði lækkaði milli árána 2010 og 2011 en hækkaði síðan og mældist hæst í fyrirlögninni 2015 eða um 35% en lækkaði svo aftur 2019 og mældist þá um 18%.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hafði leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem rakin voru til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði hækkaði markvisst í fyrstu fjórum fyrirlögnunum, fór út 16,8% í 30,2% 2015 en lækkaði í 21,8% 2019.

SAMANTEKT

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir veikindafjarvistir, viðvera í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags og læknisheimsóknir vegna veikinda/heilsubreysts sem rekja má til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019.



Mynd 4. Veikindafjarvistir, veikur í vinnu og læknisheimsóknir 2010-2019

Niðurstöðurnar sýna að hlutfall þeirra sem var frá launaðri vinnu vegna veikinda var milli 74 og 81%, mældist hæst í fyrirlögninni 2013 en lægst í fyrirlögninni 2011.

Um 48% til um 63% starfsfólksins hafði mætt einhvern tímann í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags, hækkaði markvisst í fyrstu fjórum fyrirlögnum spurningalistans. Hlutfall þeirra sem hafði mætt einhvern tímann í vinnu þrátt fyrir veikindi mældist hæst í fyrirlögninni 2015 og lægst í fyrirlögninni 2019.

Hlutfall þeirra sem hafði farið til læknis vegna veikinda sem rekja mátti til aðstæðna í vinnunni mældist á bilinu 11 til 35%. Hlutfallið lækkaði milli fyrirlagnanna 2010 og 2011 en hækkaði svo

verulega í næstu fyrirlögnum og hækkaði mest á milli fyrirlagnanna 2013 og 2015 þegar það fór úr um 20% í um 35%.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni þá sýna niðurstöðurnar að hlutfall þeirra sem var frá launaðri vinnu vegna veikinda var í kringum 80% í öllum fyrirlögnum. Einnig má sjá að meira en helmingur starfsfólksins hafði mætt einhvern tímann í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags og hækkaði hlutfallið í fyrstu þremur fyrirlögnunum úr um 55% 2010 í um 63% 2015 en lækkaði svo í um 56% í þeirri síðustu (2019). Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem hafði leitað til læknis vegna veikinda/heilsubreysts sem rakin voru til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði hækkaði markvisst í fyrstu fjórum fyrirlögnunum, fór út 16,8% 2010 í 30,2% 2015 en lækkaði í 21,8% í fyrirlögninni 2019.